

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Þórs.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 4. febrúar 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Þórs á Akureyri.

Skipulagssvæðið afmarkast af æfingavelli í suðausturhorni íþróttasvæðis Þórs. Tillagan felur í sér að gerður verður nýr upphitaður og upplýstur gervigrasvöllur á suðausturhorni svæðisins. Lýsing á keppnisvelli verður u.þ.b. 500 lúx á 21-22 metra háum staurum og lýsing á æfingasvæði verður u.þ.b. 300 lúx. Gerðir verða nýir stígar bæði austan og vestan við nýja gervigrasvöllinn sem liggja frá Boganum í norðri og suður að Glerárskóla og að lokum er gert ráð fyrir nýrri stúku við austurhlið nýja gervigrasvallarins.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 24. febrúar 2025,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 10. mars 2025